

70. Stjórnarfundur Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í fjarfundi og staðfundi á skrifstofu Vestfjarðastofu á Ísafirði þann 11. júní 2025 kl. 12.00

Mætt voru: Gylfi Ólafsson, formaður, Anna Björg Þórarinsdóttir, Dagný Finnbjörnsdóttir, Gauti Geirsson, Guðmundur Fertram Sigurjónsson, Magnús Ingi Jónsson, Sif Huld Albertsdóttir, Þorgeir Pálsson og Þórkatla Soffía Ólafsdóttir.

Forföll boðaði Hildur Aradóttir og í hennar stað fundinn Þorgeir Pálsson, auk þess boðaði Lilja Sigurðardóttir áheyrnarfulltrúi forföll en ekki tókst að boða varamann í hennar stað vegna skamms fyrirvara.

Auk þeirra sátu fundinn Sigríður Ólög Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri, Guðrún Anna Finnbogadóttir, teymisstjóri atvinnuþróunar, Sölvi Guðmundsson teymisstjóri markaðar og menningar og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðapróunar og ritaði einnig fundargerð.

Boðuð dagskrá fundarins er sem hér segir:

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

1. Verklag stjórnarfundar
2. Forgangsröðun verkefna
3. Gullkistan – staðan
4. Staða á þingmálum
5. Skýrsla framkvæmdastjóra
6. Sumarlokun starfsstöðva Vestfjarðastofu
7. Fundargerðir til kynningar
 - a. [Fundargerð 123. fundar stjórnar SSNV 6. maí](#)
 - b. [607. Fundur stjórnar SSH 19. maí 2025](#)
 - c. [622. fundur stjórnar SASS 9. maí 2025](#)
 - d. [811. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum](#)
 - e. [188. Fundur stjórnar SSV 8. maí 2025](#)
 - f. [Fundargerð ársfundar Austurbrúar 2025](#)
 - g. [Fundargerð 59. Aðalfundar SSA](#)
 - h. [Fundargerð 73. fundar stjórnar SSNE 7. maí 2025](#)

Fundur stjórnar FV

1. Breyting á samþykktum - atkvæðavægi
2. Merki FV
3. Skipulag skógræktar, bréf Vinir íslenskrar náttúru
4. Svæðisskipulag Vestfjarða
 - a. Vinnslutillaga Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050 og stöðumat
 - b. Fundargerð 18. fundar Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða
 - c. Fundargerð 19. fundar Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða
5. Sameining sveitarfélaga, pistill formanns

Fundur stjórnar Vestfjarðastofu

Formaður bauð stjórnarmenn og starfsmenn velkomna til fundar og óskaði nýjum stjórnarmönnum sem kjörnir voru ársfundi Vestfjarðastofu þann 14. maí s.l. til hamingju með kjörið. Hann kannaði hvort athugasemdir væru við dagsskrá og boðun fundarins, engar athugasemdir komu fram. Gengið til dagskrár.

1. Verklag stjórnarfunda (til kynningar og umræðu)

Formaður og framkvæmdastjóri lögðu fram minnisblað um framkvæmd stjórnarfunda Vestfjarðastofu, Fjórðungssambands Vestfirðinga og Sóknarhóps Vestfjarða, aðgang að gögnum og boðun varamanna.

Framkvæmdastjóri fór yfir efni minnisblaðs.
Til máls tóku formaður og framkvæmdastjóri

2. Forgangsöröðun verkefna

Formaður tók til umræðu starfsáætlun stjórnar og stöðu verkefna og forgangsöröðun þeirra. Óskaði hann eftir almennri umræðu um forgangsöröðun verkefna nú með nýjum stjórnarmönnum og umræðu um störf Vestfjarðastofu á ársfundi frá í maí s.l..

Til máls tóku auk formanns og framkvæmdastjóra, Gauti, Þorgeir, Þórkatla, Aðalsteinn

Þorgeir lagði fram tillögu að kanna hvort grundvöllur beiti sér fyrir reglulegum fundum með forstöðumönnum stofnana og sviðsstjóra sveitarfélaga.

Þórkatla ræddi að bæta megi úr skilvirkni og fækkun funda í starfshópum Vestfjarðastofu og sveitarfélaganna. Hún lagði fram tillögu um að Vestfjarðastofa setji skýrari ramma s.s. um þekkingu og reynslu á málavæðum, við tilnefningar sveitarstjórna í hópa og ráð á vegum stofunnar.

Gauti lagði áherslu á aukið frumkvæði í mótun mála hjá starfsmönnum sem stjórn taki síðan afstöðu til.

Formaður þakkaði umræðuna og hún yrði tekin aftur upp á næstu fundum stjórnar.

3. Gullkistan – staðan

Guðrún Anna lagði fram minnisblað um stöðu við undirbúning sýningarinnar Gullkistan, upplýsingar úr samráði við fyrirtæki, skráningu, merki sýningar og boðun gesta. Eins er í undirbúningi fjárfestingakynning í samstarfi við Hvetjanda og Bláma.

Til máls tóku Þorgeir, Gylfi, Aðalsteinn, Sigríður, Anna og Gauti.

4. Staða á þingmálum

Sviðsstjóri og framkvæmdastjóri lögðu fram minnisblað um stöðu umsagna til Alþingis og í Samráðsgátt.

Til máls tóku Gauti, Þorgeir, Guðmundur, Þorkatla, Gylfi, Guðrún Anna, Sif Huld og Sigríður.

Fram kom að leggja áherslu á meiri eftirfylgni um frumvarp um breytingu á veiðigjaldi til dæmis með íbúafundi með þingmönnum, ráðherrum, stofnunum og fyrirtækjum. Koma verður betur á framfæri að auk áhrifa á sjávarútvegsfyrirtæki þá eru mikil áhrif á þjónustufyrirtæki og á almenn umsvif í samfélögunum.

5. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri kynnti munnlega skýrslu framkvæmdastjóra um stöðu og framkvæmd verkefna frá síðasta fundi.

6. Sumarlokun starfsstöðva Vestfjarðastofu (til staðfestingar)

Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu um að starfsstöðvar Vestfjarðastofu verði lokaðar vegna sumarleyfa 14. júlí til 15. ágúst n.k.. Tillagan samþykkt samhljóða.

7. Fundargerðir til kynningar

- a. [Fundargerð 123. fundar stjórnar SSNV 6. maí](#)
- b. [607. Fundur stjórnar SSH 19. maí 2025](#)
- c. [622. fundur stjórnar SASS 9. maí 2025](#)
- d. [811. fundur Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum](#)
- e. [188. Fundur stjórnar SSV 8. maí 2025](#)
- f. [Fundargerð ársfundar Austurbrúar 2025](#)
- g. [Fundargerð 59. Aðalfundar SSA](#)
- h. [Fundargerð 73. fundar stjórnar SSNE 7. maí 2025](#)

8. Önnur mál.

Guðmundur kynnti samantekt á mati Innviðafélags Vestfjarða um efnahagsleg umsvif á Vestfjörðum. Að mati félagsins leiða greiningar félagsins að réttmæti þess að halda á lofti mikinn efnahagslegan vöxt á Vestfjörðum. En nú sé verulega sótt að efnahagslífi á með aukinni gjaldtöku á atvinnulífi á Vestfjörðum, á sjávarútveg, fiskeldi, ferðaþjónustu og innviði. Þessu verði að halda að stjórnvöldum og verjast þessari þróun.

Eins óskaði Guðmundur eftir að á næsta fundi verði rædd þróun í umsvifum í varnarmálum og hvernig það getur snúið að Vestfjörðum.

Formaður þakkaði þetta innlegg og fól sér og framkvæmdastjóra þessi mál til umfjöllunar.

Af fundi véku Anna, Gauti, Guðmundur og Sif Huld auk framkvæmdastjóra sem mun sækja afmælisfagnað Sambands íslenskra sveitarfélaga í Reykjavík í dag, en 80 ár eru frá stofnun sambandsins.

Fundur stjórnar FV

1. Breyting á samþykktum – atkvæðavægi

Sviðsstjóri kynnti tillögu að breytingu á samþykktum Fjórðungssambands Vestfirðinga til 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti, byggt á ályktun 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að vori um breytingu á atkvæðavægi.

Til máls tóku Gylfi, Þórkatla og Þorgeir.

Tillagan lögð fram til afgeiðslu. Tillagan samþykkt samhljóða.

2. Merki FV

Formaður kynnti tillögu að breytingu á merki Fjórðungssambandsins sem hefði að markmiði að vera í meira samræmi við merki Vestfjarðastofu og Markaðsstofu Vestfjarða.

Til máls tóku auk formanns, Aðalsteinn, Þórkatla, Guðrún Anna.

Stjórn heimilar starfsmönnum að vinna að prentun kynningarefnis en merkið verði kynnt formlega á 70. Fjórðungspings Vestfirðinga að hausti.

Tillagan samþykkt samhljóða.

3. Skipulag skógræktar, bréf Vínar íslenskrar náttúru

Lagt fram bréf til kynningar frá félaginu Vínar íslenskra náttúru dags 5. júní s.l.. Bréfið varðar skipulag skógræktar og leiðbeiningar um val á landi til skógræktar. Bréfið hefur einnig verið sent öllum sveitarfélögum og landshlutasamtökum.

Formaður lagði til að efni bréfsins verði kynnt Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða og vinnu að svæðisskipulagi.

4. Svæðisskipulag Vestfjarða

a. Vinnslutillaga Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050 og stöðumat

Formaður gaf orðið til Aðalsteins. Hann vísaði til 18. og 19. fundar svæðisskipulagsnefndar þar sem samþykkt er útgáfa vinnslutillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2026-2050. Vinnslutillagan var lögð fram til umsagnar í Skipulagsgátt þann 6. júní s.l. og er umsagnarfrestur til og með 20. ágúst n.k..

Tillagan er hér til kynningar í stjórn Fjórðungssambandsins. Með tillögunni fylgir einnig stöðumat á málaflokkum svæðisskipulagsins.

Kynning efni vinnslutillögu verður í sveitarstjórn á Vestfjörðum og á meðal hagsmunaaðila á umsagnartíma en almenningi er bent á efni hennar í Skipulagsgátt.

Formaður þakkaði svæðisskipulagsnefnd, rágjöfum og starfsmönnum Vestfjarðastofu fyrir góða og hraða vinnu að þessu verkefni.

Formaður gaf orðið laust, engin tók til máls.

b. Fundargerð 18. fundar Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða

Lögð fram til kynningar fundargerð 18. fundar Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, frá 26. maí 2025.

c. Fundargerð 19. fundar Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða

Lögð fram til kynningar fundargerð 19. fundar Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, frá 2. júní 2025.

5. Sameining sveitarfélaga, pistill formanns

Formaður kynnti að hann vildi árétta með skrif pistils í fréttabréf Vestfjarðastofu nú í júní, að aðkoma Vestfjarðastofu og Fjórðungssambands Vestfirðinga að málum er varða samstarf sveitarfélaga á Vestfjörðum tæki enn viðmið af samþykkt bókun haustþings Fjórðungssambands Vestfirðinga á Hólmavík í október 2019. Þar sem segir að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga myndi „ekki leiða eða beita sér í málefnum um sameiningu sveitarfélaga skv. þingsályktun um „Stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033“ og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023.“

Þetta vildi formaður árétta í tilefni af grein sem hann sem formaður bæjarráð Ísafjarðarbæjar setti á vefinn bb.is þar sem kynnt er ákvörðun Ísafjarðarbæjar um að óska eftir sameiningarviðræðum við önnur sveitarfélög á Vestfjörðum.

Til máls tóku auk formanns, Þorgeir,

6. Önnur mál

a. Afmæliskveðja á 80 ára afmæli Sambands íslenskra sveitarfélaga

Formaður gerði að tillögu að stjórn Fjórðungssambands Vestfirðinga sendi Sambandi íslenskra sveitarfélaga árnaðarkveðju í tilefni 80 ára afmælis Sambandsins og þakkir um árangursríkt samstarf í fortíð, nútíð og framtíð.

b. Dagsetning og staðsetning fundar stjórnar Fjórðungssambands og aðildarsveitarfélaga.

Farið yfir dagsetningu og staðsetningu fundar stjórnar Fjórðungssambandsins með sveitarfélögum á Vestfjörðum í aðdraganda 70. Fjórðungsþings Vestfirðinga, sem haldið verður 16. og 17. september n.k.. Samþykkt að boða til fundar stjórnar FV þriðjudaginn 19. ágúst n.k. og fundurinn verði haldinn á Reykhólum. Framkvæmdastjóra og sviðsstjóra falið að undirbúna dagskrá og boðun fundarins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14.00